

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Ólafs Ólafssonar og fjölskyldu.

1. gr.

Heiti sjóðsins.

Sjálfsseignarstofnunin heitir Styrktarsjóður Ólafs Ólafssonar og fjölskyldu, hér eftir nefndur sjóðurinn.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Enginn atvinnurekstur er á vegum sjóðsins.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnendur.

Stofnendur sjóðsins eru hjónin Kittý Stefánsdóttir, kt. 190345-4759, og Ólafur Ólafsson, kt. 171039-3399, og börn þeirra, Helga Ósk Ólafsdóttir, kt. 130671-5279, og Ólafur Ólafsson, kt. 091065-5179.

Stofnendur hafa engin sérréttindi í sjóðnum.

4. gr.

Stofnfé – aðrar eignir og tekjur – fjárvarsla.

Stofnfé sjóðsins er 5 milljónir króna, sem lagðar eru fram af stofnendum í jöfnum hlutföllum, verðbætt um hver áramót. Stofnfé, auk verðbóta, skal vera óskerðanlegt.

Auk stofnfjár geta aðrar eignir sjóðsins verið gjafir eða framlög frá stofnendum eða öðrum aðilum, sem og tekjur og arður af stofnfé og öðrum eignum, sem verða til þess að styrkja sjóðinn í því að þjóna tilgangi sínum og markmiðum. Höfuðstóll gjafa eða annarra framlaga til sjóðsins, svo sem arfs, skal, eins og stofnfé sjóðsins, vera óskerðanlegt, nema gefandi eða arfleiðandi mæli öðruvísi fyrir.

Stofnfé sjóðsins og aðrar eignir skal ávaxta á sem hagkvæmasta hátt, svo sem með kaupum á ríkisskuldabréfum eða öðrum sambærilegum og traustum verðbréfum.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum, þ.e. stofnfé og öðrum eignum er hann kann að eignast síðar.

5. gr.

Tilgangur og markmið.

Tilgangur og markmið sjóðsins er að veita ferðastyrki félögum úr Íþróttafélaginu Ösp vegna þátttöku þeirra á íþróttamótum innanlands og erlendis, í ferðum sem farnar verða á vegum Íþróttasambands fatlaðra og/eða Íþróttafélagsins Aspar.

6. gr.

Ráðstöfunarfé og úthlutun.

Heimilt er að ráðstafa árlega til styrkveitinga vaxtatekjum sjóðsins í lok næstliðins árs, sem eru umfram verðbættur á stofnfé hans og aðrar óskerðanlegar eignir. Þá er heimilt að ráðstafa 25% af framlögum í sjóðinn, sem ekki teljast vera óskerðanleg samkvæmt 2. málslíð 2. mgr. 4. gr.

Til þess að eiga rétt á styrk úr sjóðnum þarf umsækjandi að hafa verið félagi í Íþróttafélaginu Ösp í að minnsta kosti eitt ár og að hafa greitt þangað félags- og æfingagjöld skilvíslega.

Auglýsa skal eftir umsóknum um ferðastyrki til sjóðsins í aprílmánuði ár hvert, á þann hátt og í því formi sem stjórn sjóðsins telur heppilegt og fullnægjandi. Eigi síðar en 15. júní sama ár skal úthluta úr sjóðnum til umsækjenda, eins eða fleiri, eftir því sem stjórnin telur heppilegt og samræmast tilgangi sjóðsins og stöðu hans.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki á öðrum tímum ársins vegna styrkhæfra íþróttamóta, leyfi staða sjóðsins það, að undangenginni auglýsingu þar að lútandi. Við úthlutanir er stjórn sjóðsins heimilt að kalla sér til ráðgjafar sérfróða aðila, með tilliti til styrkbeiðna.

Stjórn sjóðsins er heimilt að nota allt að 100.000 krónur á ári af ráðstöfunarfé sjóðsins til þess að styrkja félag vegna æfingagjalda, samkvæmt umsóknum og rökstuðningi umsækjenda. Skal þessi fjárhæð taka breytingum eftir vísitölu neysluverðs, með grunnvísitölunni í desember 2020, sem er 490,3 stig.

7. gr.

Stjórn.

Stjórn Styrktarsjóðsins skal skipuð þremur mönnum:

- a. formaður Íþróttfélagsins Aspar hverju sinni, sem kosinn er á tveggja ára fresti á aðalfundi félagsins, gegnir hlutverki formanns stjórnar sjóðsins og heldur hann gerðabók fyrir stjórnina;
- b. gjaldkeri Íþróttfélagsins Aspar hverju sinni, sem kosinn er á tveggja ára fresti á aðalfundi félagsins, gegnir hlutverki gjaldkera sjóðsins og verður með prókúru fyrir sjóðinn;
- c. formaður Íþróttasambands fatlaðra hverju sinni, sem kosinn er til tveggja ára á sambandsþingi Íþróttasambands fatlaðra, er meðstjórnandi.

Varaformaður og ritari Íþróttfélagsins Aspar, svo og varaformaður Íþróttasambands fatlaðra, skulu vera varamenn í stjórn sjóðsins.

Við formannsskipti í Íþróttfélaginu Ösp tekur nýr formaður samtímis við hlutverki formanns stjórnar sjóðsins. Hið sama gildir að því er varðar gjaldkera og meðstjórnanda, svo og varamenn, þegar þessir einstaklingar hljóta kosningu hjá sínu félagi.

Varamenn taka sæti í stjórninni verði aðalmenn að víkja sæti vegna vanhæfis eða af öðrum orsökum.

Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins, þar á meðal fjárreiðum hans, og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórninni er heimilt að skipa sérstakan fjárvörsluaðila um eignir sjóðsins og skal stjórnin hafa eftirlit með því að hann fullnægi skyldum sínum samkvæmt lögum og skipulagsskránni. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir hann í einstaka verkefni eða ef gjaldkeri stjórnar forfallast.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða tvo löggilta endurskoðendur og/eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur/skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabilið er frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans ráðstafað til Íþróttasambands fatlaðra og því varið til sömu markmiða og greint er frá í 5. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 30. nóvember 2021,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.